

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Hringbraut 125, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

57. fundur Stjórnar BS bs. haldinn miðvikudaginn 26. maí 2021

kl. 08:15 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 29, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Birgir Örn Ólafsson, Andri Örn Víðisson, Trausti Arngrímsson, Haraldur Helgason, Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri og Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri.

### Dagskrá.

#### Formaður setur fundinn.

1. Samkomulag við Ístak.

- Drög að samkomulagi er komið við Ístak um verklok. Lögð fram og samþykkt.

2. Staða fjármála.

- Er samkvæmt fjárhagsáætlun.
- Undirbúningur fyrir 5 vaktakerfi:**  
Búið er að gera vaktarplan fyrir 5 vaktakerfi vegna styttingu vinnuvikunnar.
- Unnið er að launaútreikningum fyrir næsta ár og er gengi út frá nýju vaktakerfi, þannig munum við geta séð raunkostnað vegna þessarar kerfisbreytingar, en það er alveg ljóst að um verulegan kostnaðarauka verður að ræða.

3. Búnaður vegna gróðurelda.

Jón fór yfir þær aðstæður sem hafa verið á landinu vegna gróðurelda og höfum við ekki farið varhluta af þeim. Þurfum við að bæta við okkur í búnaði vegna gróðurelda. Samþykkt að taka málið upp við fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2022.

4. Skýrsla slökkviliðsstjóra.

#### Útköll:

Talsverð aukning hefur orðið á útköllum vegna sjúkraflutninga en einnig hefur orðið aukning á útköllum vegna elda og þá sérstaklega vegna gróðurelda.

Útköll eru komin yfir 10 á sólahring og eðli málsins samkvæmt koma rólegir tímar inn á milli en því fleiri útköll þar utan og álagið verulega mikið þegar þessir toppar verða.

---

## Viðræður við Sjúkratryggingar Íslands:

Við höfum átt viðræður við SÍ vegna uppgjors á Covid 19 fyrir árið 2020. Einnig höfum við átt samtalið við þá vegna aukins álags á sjúkraflutninga vegna gossins í Fagradalsfjalli. SÍ átti fund með ráðuneytinu í síðustu viku og er að vinna upplýsingar fyrir ráðuneytið sem falla að okkar hugmyndum að úrbótum.

### 5. Önnur mál.

- Kynning á sýndarveruleika þjálfunarbúnaði sem við fengum að prufa frá félögum okkar í SHS. Vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2022.

Fundi slitið kl. 09:40